

Fjárfestingar í ferðaþjónustu

Viktoría Sveinsdóttir er stofnandi samkomunnar Iceland Tourism Investment Conference and Exhibition sem haldin verður í fyrsta sinn hérlendis í lok febrúar. Ör uppbygging ferðaþjónustuiðnaðarins skapar mikla eftirspurn fyrir ráðstefnu af þessu tagi.

KARL ÓLAFUR HALLBJÖRNSSON
karl@vb.is

Iceland Tourism Investment Conference and Exhibition, eða ITICE, er ráðstefna og sýning sem verður haldin í Hörpu 29. febrúar til 1. mars 2016. Þetta er í fyrsta skipti sem ráðstefna af þessu tagi er haldin.

Markmið ráðstefnunnar er að stefna saman hagsmunaaðilum sem tengjast á einhvern hátt fjárfestingum og rekstri íslenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Boðið verður upp á ýmiss konar fræðslu, en hátt í 60 manns munu flytja erindi á ráðstefnunni.

Ræðumenn munu fjalla um viðfangsefni á borð við lúxusupplifanir í íslenskrari ferðaþjónustu, samband iðnaðarins við hlutabréfamarkaðinn og aðgang að fjármagni í ferðaþjónustugeiranum.

Fyrirlestrar jafnt sem pallborðsumræður

Milli fyrirlestra og atburða verða ótal tækifæri fyrir athafnafólk til að kynna og mynda sambönd. Þá verður einnig boðið upp á hressingar, hvort sem er í formi veitinga og drykkja eða í formi örstutts uppstands sem Ari Eldjárn sér um að flytja fyrir ráðstefnufara.

Auk þess sem fjölmargir sérfræðingar munu flytja fyrirlestra og halda ræður verða pallborðsumræður. Meðal þeirra sem mæta til

pallborðsumræðna eru Björg-ólfrur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Icelandair Group, og Grímur Sæmundsen, framkvæmdastjóri Bláa lónsins.

ITICE er ekki aðeins ráðstefna. Að auki er samkoman í tilefni sérstakrar sýningar á stöðu ferðamannaíðnaðarins á Íslandi. Þá munu ýmiss konar birgjar sem viðriðir eru geirann koma upp básum þar sem ráðstefnufarar geta kynnt sér starfsemi og athafnir þeirra.

Með birgjum er átt við ferðaskrifstofur, hótél, veitingastaði og annars konar afþreyingarfyrirtæki sem þjónusta ferðafólk á Íslandi. Auk þeirra munu alls kyns önnur fyrirtæki bjóða upp á bása – vínbirgjar, lögfræðistofur, tækni-fyrirtæki og byggingarfyrirtæki – í raun og reynd hver og einn sem ýtir undir uppbyggingu ferðaþjónustuiðnaðarins á Íslandi.

Hótelíðnaður og fjárfestingar

Viktoría Sveinsdóttir er stofnandi og framkvæmdastýra ITICE. Viktoría er búsett í Flórída-ríki í Bandaríkjunum, og líkar vel búsetan. Hún hefur mikla reynslu af ferðamannaíðnaði, hótelrekstri og fjárfestingum, en hún hefur starfað við geirann áratugum saman.

Eftir að hafa stundað nám við Cornell-háskóla í New York starfaði Viktoría hjá ráðgjafarfyrirtækjum á sviði hótel fjárfestinga, en hún hélt sig í þeim bransa þar til hún hóf störf við uppsetningu lúxushótela og íbúða í Bandaríkjunum. Þá hefur hún stofnað eigin fyrirtæki og alltaf haft ástríðu fyrir fjárfestingum.

Vegna uppgangs ferðamannaíðnaðarins sá Viktoría tækifæri í því að halda ráðstefnu fyrir fjárfesta í bransanum. Henni fannst skortur á ráðstefnu af þessu tagi. Í fyrstu stakk hún upp á hugmyndum um að stofna til ráðstefnunnar, en þegar enginn greip tækifærið ákvað hún að taka málið í eigin hendur.

„Ég hafði sjálf talað á og sótt svona ráðstefnur erlendis, og fannst mjög mikið gagn að þessu. Þegar ég fór að vera meira á Íslandi eftir 20 ára búsetu erlendis datt mér í hug að þetta vantaði á íslenska markaðinn. Allt í einu var ferðaþjónustan orðin ein af stærstu brönsum á landinu. Ég hugsaði með mér að það vantaði svona faglega ráðstefnu og sýningu, eitthvað til að efla umræðu og þekkingu á viðskipta- og fjárfestahliðinni.“

Sýning og ráðstefna í bland

Viktoría telur að ráðstefnan geti verið góð fyrir þá sem eru að koma



Viktoría er stofnandi og framkvæmdastjóri ITICE í Hörpunni.

MYND/GOLLI



Það vantaði svona faglega ráðstefnu og sýningu, eitthvað til að efla umræðu og þekkingu á viðskipta- og fjárfestahliðinni

sér af stað í geiranum, og eru enn að mynda sér sambönd og kynna öðrum í fyrirtækjarekstri innan ferðaþjónustu- og birgjabransans.

„Birgjasýningin held ég að hafi verið eitthvað sem markaðurinn var að leita eftir. Þeir sem eru að opna ný ferðaþjónustufyrirtæki og ný hótél eru mikið að leita sér að birgjum. Hvort sem það er bókunarkerfi, teymisstjórnunar-

kerfi eða hvar á að kaupa matinn, áfengið og húsgögnin. Þetta verður eins og að slá saman gömlu góðu sjávarútvegssýningunni og sjávarútvegsráðstefnunni.“

Aðstandendur ráðstefnunnar höfðu fundið fyrir því að eftirspurn eftir menntuðu fagfólki væri umfram framboð í ferðaþjónustuheiminum, og buðu því erlendum sem innlendum menntastofnunum.

„Okkur fannst sumir birgjarnir okkar kvarta yfir því að það væri skortur á menntuðu fólki í bransanum. Þess vegna buðum við til landsins erlendum skólum til þess að vera með skólakynningar þarna. Þá geta skólarnir náð í atvinnurekendurna sem geta svo á móti ráðið til sín fólk í vinnu, til að mynda í lærlingsstöður. Auk þess geta skólarnir svo boðið fólki á kynningar.“